

Umbætur í virðiskeðju matvæla: samstarf kjötvinnslu og smásölu

Þóra Valsdóttir¹, Sveinn Margeirsson¹, Hlynur Stefánsson², Óli Þór Hilmarsson¹, Jón Haukur Arnarson¹, Ragnheiður Héðinsdóttir³



Vitað er að mikil sóun á sér stað í virðiskeðju matvæla. Orsakir eru margar, s.s. röng vörustjórnun, röng meðferð, rofin kælikeðja eða ófullnægjandi kæling á einhverju stigi, rofnar umbúðir og ótal margt fleira.

Matvælaframleiðendur og smásalar telja að verulega megi draga úr slíkri sóun með samstilltu átaki allra sem koma að virðiskeðjunni. Þannig mætti lækka verð á matvælum umtalsvert.

Markmiðið er að...


- greina hvar í virðiskeðju matvæla rýrnun á sér stað.
- skilgreina aðgerðir til að lágmarka sóun sem af rýrnuninni hlýst.
- þróa frumgerð að hugbúnaði og verklagskerfi til að koma á greiðu upplýsingastreymi.
- bæta vörustjórnun til að stýra betur flæði matvæla frá framleiðendum í matvælaverslanir og draga þannig úr óþarfa rýrnun og vöruvöntun.

Verkefnið er...

- tilraun til að gera sóun/kostnað sýnilegri hjá ólíkum aðilum í virðiskeðju matvæla með skipulögðum samskiptum og samhæfingu mismunandi kerfa.
- að auka skilning á þeim ferlum sem matvæli fara í gegnum og skapa þannig forsendur til að meta hvar unnt er að draga úr kostnaði.

Það er von þátttakanda verkefnisins að það auki meðvitund um sóun og gefi fordæmi um aukið samstarf milli þrepa virðiskeðjunnar. Með því skapast tækifæri til að draga markvisst úr sóun í virðiskeðju matvæla, bæta afkomu hræfnisframleiðenda og vinnsla og lækka verð til neytenda.

Verkefnið er styrkt af Tæknipróunarsjóði



Yfirlit yfir almennt vöruflæði kælivöru úr kjötvinnslu í verslun (og tilbaka þegar það á við).

¹Matis ohf, ²AGR ehf, ³Samtök iðnaðarins